



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um  
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og  
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2024, fimmtudaginn 4. janúar kl. 09:15 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 10. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Sjónarhól. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir.

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

**Þetta gerðist:**

**1. Gönguþverun yfir Flugvallarveg**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að gönguþverun yfir Flugvallarveg móts við Flugvallarveg 7 verði merkt sem gangbraut

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt

**Fundi slitið kl. 09:25**

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



Reykjavíkurborg



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Samgöngustjóri

**Sendandi:** Deild samgangna

### Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að gönguþverun yfir Flugvallarveg móts við Flugvallarveg 7 verði merkt sem gangbraut

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Göngu- og hjólastígur Bæjarleiðar liggur til norðurs frá stígamótum að Sólarleið, austan við Háskólann í Reykjavík, og í átt að miðborginni. Stígurinn lá áður um undirgöng undir Flugvallarveg, en í tengslum við þróun á svæðinu hefur verið fyllt upp í undirgöngin og gerð ný þverun yfir Flugvallarveg á yfirborði. Stígarnir eru fjölfarnir, enda liggja þeir að íþróttasvæði, háskóla, útivistarsvæði og eru hluti af neti mikið notaðra göngu- og hjólaleiða bæði til samgangna og útivist. Forsendur eru því fyrir því að hin nýja þverun yfir Flugvallarveg verði merkt sem gangbraut.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
Deild samgangna

Hjálagt: Teikning af gönguþverun yfir Flugvallarveg

